Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Stígurinn meðfram sjónum á Kársnesinu sunnanverðu er Friðland samkvæmt Aðalskipulagi. Þangað sækir fólk í alls kyns tilgangi, njótandi útiveru gangandi og hjólandi en ekki brunandi á milli staða. Sú hjólaumferð er nauðsynleg í samgöngum höfuðborgarsvæðis, en á ekki heima þarna. Því er ég alfarið á móti því að þar verði skipulögð hjólahraðbraut.

Íbúar hafa því lagt til svonefnan KÁRSNES HJÓLA KRAGA sem gengur út á að gera hjólastíga meðfram Kópavogsbraut og Kársnesbraut. Þar er rými til framkvæmda, t.d varðandi Kópavogsbraut sem ég ek daglega, er nægt pláss öðru megin götu til að gera tví átta hjólabrautir og hafa gangandi vegfarendur hinum megin götu.

Ónauðsynlegt er að hafa breiðar gangstéttir beggja megin götu eins og nú er, það er skipulagsbarn síns tíma.

Í nágrannalöndum hvar hjólaumferð er almenn, er skýrt aðgreind hraðhjóla-umferð og hæg-hjólaumferð. Þetta er ekki sami hluturinn!
Hafa slys hlotist af því að blanda saman þessu tvennu.

Höfundur: Vilborg Halldórsdóttir/vilborg.halldorsdottir@gmail.com

Sent inn þann: 20.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026


Skjalsott af 000000000 dags: 11.11.2026